

Ed.

4. Frumvarp til laga

[4. mál]

um álag á ferðagjaldeyri.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Á árinu 1980 skal leggja 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris sem gjald-eyrisbankarnir selja til greiðslu á dvalarkostnaði erlendis öðrum en viðurkenndum kostnaði nemenda og sjúklinga og áhafnagjaldeyri. Gjaldið rennur í ríkissjóð og skal innheimt af gjaldeyrisbönkunum eftir þeim reglum sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir 1980 er gert ráð fyrir óbreyttri innheimtu gjalds á ferðalög til útlanda frá því sem verið hefur á árinu 1979. Gjald á ferðalög til útlanda á hins vegar samkvæmt gildandi ákvæðum í lögum nr. 121/1978 um kjaramál að ganga úr gildi í árslok 1979. Ef tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir 1980 á að standast er því nauðsynlegt að leggja þetta frumvarp fram, þar sem gildandi ákvæði um gjald á ferðalög til útlanda er tímabundið. Samkvæmt frumvarpinu verður gjaldið óbreytt frá því sem verið hefur og gildir til ársloka 1980. Á árinu 1979 skilar gjaldið að líkindum um 1 450 m.kr. í ríkissjóð en í fjárlagafrumvarpi fyrir 1980 er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu verði um 1 600 m.kr.